

ISSN númer

Hvað er ISSN númer?

ISSN númer (International Standard Serial Number) er alþjóðlegt auðkennisnúmer fyrir tímarit. ISSN er staðall frá alþjóðlegu staðlastofnuninni ISO (International Standards Organisation): ISO-3297. Vegna mjög mikilar útgáfu tímarita í heiminum og vinnslu skráa yfir þau í tölum var ákveðið að gefa hverjum titli eitt númer sem auðkennir hann.

Notkun á ISSN númerum er stjórnað af alþjóðlegri stofnun í París, Centre international de l'ISSN eða ISSN International Center <https://www.issn.org/>, sem komið var á fót árið 1974 fyrir tilstuðlan frönsku ríkisstjórnarinnar og UNESCO. Stofnunin heldur úti gagnagrunni, ISSN Portal <https://www.issn.org/understanding-the-issn/the-issn-international-register/>, þar sem öll tímarit sem fengið hafa ISSN númer eru skráð. Auk alþjóðastofnunarinnar í París starfa landsmiðstöðvar víðsvegar um heiminn (ISSN Network) sem annast skráningu tímarita í viðkomandi löndum.

ISSN númer á íslensk tímarit

Úthlutun ISSN númera fyrir íslensk tímarit hófst þegar á áttunda áratugnum og hafa íslenskir útgefendur látið prenta ISSN númer á tímarit frá því um 1980. Árið 1984 hóf Háskólabókasafn, og síðar Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn, að hafa milligöngu um að útvega alþjóðleg tímaritsnúmer frá alþjóðastofnuninni í París sem annaðist skráningu ritanna fyrir okkar hönd.

Í lok ársins 2000 var undirritaður samningur við alþjóðastofnunina í París um stofnun landsmiðstöðvar fyrir alþjóðlega tímaritsnúmerakerfið í Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafni. Starfsemin hófst árið 2001 og er hlutverk landsmiðstöðvar að úthluta ISSN númerum fyrir íslensk tímarit og annast skráningu þeirra í ISSN Portal. Auk þess ber hún ábyrgð á kynningu og útbreiðslu ISSN kerfisins hér á landi og að ISSN númer séu rétt notuð.

Tímarit eru skilgreind sem rit sem koma út undir sama titli í mörgum hlutum, sem oftast eru tölumerktir á einhvern hátt, og útgáfutímabil er óákveðið. Skilgreiningin nær til blaða, tímarita, fréttabréfa, ritraða, ársrita og ársskýrsla óháð útgáfuformi. Þannig fá tímarit jafnt í prentaðri sem rafrænni útgáfu úthlutað ISSN númeri. Æskilegt er að sækja um ISSN númer fyrir ný rit áður en fyrsta tölublað er gefið út. Útgefandi ber ábyrgð á að láta prenta ISSN númerið rétt á tímaritið bæði með venjulegu letri og í formi strikamerkis. Úthlutun ISSN númera er veitt útgefandum að kostnaðarlausu.

Gerð og notkun ISSN númersins

ISSN númerið er átta stafa tala. Hún skiptist í tvo fjögurra stafa þætti sem aðskildir eru með bandstriki. Áttundi stafur ISSN númers er vartala sem reiknuð er út frá hinum sjö tölunum (Modulus 11). Ef vartalan er 10 er notað X í staðinn. Dæmi: ISSN 1670-620X.

ISSN númerið þarf að prenta á hvert tölublað tímarits. Númerið er prentað í tveimur þáttum sem aðskildir eru með bandstriki og stafirnir ISSN fara á undan. Dæmi: ISSN 0257-6775. Mælt er með að prenta númerið efst í hægra horni á kápu. Auk þess þarf að prenta númerið aftan á titilblað þar sem upplýsingar um útgáfuna koma fram. Númerið er alltaf prentað á þennan hátt, þó svo að það sé einnig birt í formi strikamerkis. Ef tímarit kemur út bæði í prentaðri og rafrænni útgáfu á að prenta bæði ISSN númerin aftan á titilsíðu með aðgreiningu innan sviga aftan við númerið. Dæmi:

ISSN 2772-1043 (prentuð útgáfa)

ISSN 2772-1051 (rafræn útgáfa)

ISSN númerum er úthlutað í beinni númeraröð og þau innihalda engan þátt sem skilgreinir land eða útgefanda.

ISSN númeri er úthlutað fyrir einn titil tímarits sem litið er á sem aðaltitil. Útgáfa þessa aðaltitils getur breytt um útgáfuland, útgefanda, útgáfutíðni o.s.frv. Sama ISSN númer mun auðkenna hann þrátt fyrir allar þessar breytingar.

Gerður er greinarmunur á tengdum tímaritatitlum og þá úthlutað fleiri en einu ISSN númeri í eftirfarandi tilvikum:

tímarit er gefið út í fleiri en einu formi, t.d. prentað tímarit, geisladiskur eða vefrit/rafrænt tímarit. Þá er úthlutað einu ISSN númeri fyrir hvert form.

tímarit er gefið út undir einum titli, en auk þess eru gefin út fylgirit sem bera sérstaka titla.

tímarit er gefið út í einni aðalritröð, ásamt undirritröðum, þá fær hver ritröð sitt einstaka ISSN númer o.s.frv.

Ef bók innan ritraðar ber einnig sérstakan titil sem er annar en ritraðartitillinn getur hún jafnframt fengið ISBN númer.

Ef tímarit breytir um titil er litið svo á að um nýtt tímarit sé að ræða og nýju ISSN númeri er úthlutað.

Ef rafrænt tímarit er gefið út á mismunandi skráarformum eða í stafrænni endurgerð skal sama ISSN númer auðkenna öll þessi form.

Notendahandbók ISSN, *ISSN Manual*, má nálgast á vefslóðinni

<https://www.issn.org/understanding-the-issn/assignment-rules/issn-manual/>.

ISSN-L

Hlutverk ISSN númerisins var aukið með ISSN-L númerinu sem var innleitt í október 2008. ISSN-L tengir saman mismunandi útgáfuform tímarits og fær fyrsta númerið sem úthlutað er fyrir hvern titil þetta hlutverk. Aðeins eitt ISSN-L númer auðkennir tímaritið sama hve útgáfuform þess eru mörg.

Frekari upplýsingar um ISSN-L má finna á vefslóðinni <http://www.issn.org/understanding-the-issn/assignment-rules/the-issn-l-for-publications-on-multiple-media/>.

Strikamerki á tímarit

ISSN númer er hægt að gera læsilegt á vélrænan hátt með því að umskrifa það yfir í vörunúmer samkvæmt EAN-13 staðli. Prentsmiðjan umbreytir ISSN númerinu í strikamerki. Forskeyti ISSN númerisins er 977.

EAN-13 er þrettán stafa tala sem birt er í formi strikaleturs. Fyrir neðan strikaletrið birtist númerið á letri sem augað les, ef til þess kæmi að slá þyrfti töluna inn. Strikamerki fyrir tímarit eru frábrugðin strikamerkjum fyrir bækur á þann hátt að á tímaritum á alltaf að vera hliðarstrikamerki eða „add-on“ kóði (sjá mynd hér á eftir).

Hægt er að gera strikamerki úr átta stafa ISSN-númeri á eftirfarandi hátt:

977	X1 X2 X3 X4 X5 X6 X7 Q1 Q2 C S1 S2
977	er tala sem úthlutað er af Alþjóðlegu vörunúmerasamtökunum til að nota sem fortölu í strikamerki fyrir tímarit.
X1-X7	eru sjö fyrstu tölustafir úr úthlutuðu ISSN-númeri tímaritsins. Áttundi tölustafurinn er ekki tekinn með vegna þess að hann er vartala ISSN-númersins og reiknaður út eftir hinum tölunum sem á undan fara (Modulus 11). EAN-númerið fær nýja vartölu.
Q1-Q2	eru aukasæti til að sýna breytileika innan sama titils t.d. fyrir sérblöð og möguleiki til að aðgreina mismunandi tölublöð dagblaðs innan sömu viku. Þetta verður alltaf að merkja hér en ekki í hliðarstrikamerkið. Venjulegur titill er fylltur með 00. Nota má 01, 02 ... o.s.frv. til að sýna frávik. Q1-Q2 á ekki að nota í tengslum við verðhækkunarir.
C	er vartala EAN-númersins og reiknast út frá hinum tólf tölunum sem á undan fara (Modulus 11).
S1-S2	er hliðarstrikamerki sem fyllt er út eftir útgáfutíðni (sjá lista hér á eftir). Þetta auðveldar verðbreytingar og birgðabókhald í tölvu.

Dæmi: Tímaritið Húsfreyjan hefur ISSN 0018-7984. Það er gefið út fjórum sinnum á ári. Strikamerki fyrir 2. tbl. þessa tímarits, þ.e. júní heftið, væri gert á eftirfarandi hátt:

977	X1	X2	X3	X4	X5	X6	X7	Q1	Q2	C	S1	S2
977	0	0	1	8	7	9	8	0	0	8	0	6



Ef tímaritið væri hins vegar ársrit, vikurit eða mánaðarrit væri strikamerkið gert á annan hátt eins og fram kemur hér á eftir.

Hliðarstrikamerki

Hliðarstrikamerki verður alltaf að hafa til viðbótar við EAN-13 strikamerkið. Það er notað til þess að auðkenna einstök tölublöð blaða og tímarita og verður að fylla upp sætin fyrir S1-S2 á ákveðinn hátt miðað við útgáfutíðni ritanna. Strikamerki eru búin til fyrir viku, mánuði eða ár og þegar hverju merkingartímabili lýkur má nota þau aftur óbreytt.

Dagblöð	Q1-Q2 frá 01 til 07 (fjöldi daga í viku) og S1-S2 með 01 til 52 (fjöldi vikna í ári).
Vikublöð	S1-S2 frá 01 til 53 (fjöldi vikna í ári). Blöð eða tímarit sem koma út aðra hverja viku eru merkt 02, 04, 06, ... 52 eða 01, 03, 05, ... 53 eftir því í hvaða viku fyrsta tölublað ársins kemur út.
Mánaðarrit	merkið S1-S2 frá 01 til 12 (fjöldi mánaða í ári). Blöð og tímarit sem koma út annan hvern mánuð eru merkt 02, 04, 06, ... 12 eða 01, 03, 05, ... 11 eftir því í hvaða mánuði fyrsta tölublað ársins kemur út.
Ársfjórðungsrit	merkið S1-S2 eftir sömu reglum og gilda um mánaðarrit, þ.e.a.s. eftir útgáfumánuði.
Árstíðabundin rit	merkið S1 með síðasta staf í ártali og S2 með árstíð (vor = 1 ; sumar = 2 ; haust = 3 ; vetur = 4). Blöð og tímarit sem koma út aðra hvora árstíð eru merkt á sama hátt.
Ársrit - Árbækur	merkið S1 með síðasta staf í ártali og S2 með tölunni 5.
Önnur rit rit	sem ekki falla undir ofangreindar skilgreiningar eru merkt í S1-S2 með tölum frá 01-99.

Upplýsingar um ISSN númer gefur:

Helga Kristín Gunnarsdóttir, helga.k.gunnarsdottir@landsbokasafn.is, sími: 525 5755

Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn

Aðfanga- og skráningarsvið

Arngrímögötu 3, 107 Reykjavík

Uppfært 19. febrúar 2025